

**Ed.**  
um söluskatt.

**193. Frumvarp til laga**

[88. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 164 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytanda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína skv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar.

Ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar taka ekki til hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, og skulu seljendur slíkra verðmæta ávallt innheimta söluskatt af þeim, nema þau séu sérstaklega undanþegin skatti skv. ákvæðum 6. eða 7. gr. þessara laga.